



HJÓLREIÐAFÉLAG AKUREYRAR

Skilmálar fyrir viðburði á vegum Hjólreiðafélags Akureyrar.

(Uppfært 22. júní 2019)

Með því að skrá mig í þennan viðburð staðfesti ég að hafa lesið, skilið og samþykkt neðangreinda skilmála. Sé ég undir 18 ára þegar viðburðurinn fer fram þarf foreldri eða forráðamaður að hafa samþykkt þessa skilmála.

Hjálmaskylda er undantekningarlaust á öllum viðburðum sem fram fara á hjóli. Viðburðarstjórn getur gert kröfu á frekari öryggisbúnað fyrir einstaka viðburði.

Skilgreiningar:

Þátttakandi - Sá sem tekur þátt í hvers konar viðburði, hvort sem er keppni, námskeiði, æfingum eða öðru.

Viðburður - Hjólreiðakeppni, samhjól, námskeið, æfingar eða hvers konar viðburður sem skipulagður er af viðburðarstjórn.

Viðburðarstjórn - Sá einstaklingur, hópur eða félag sem heldur heldur viðburð ásamt mótsstjóra, dómurum og öðrum aðilum eftir því sem við á. Viðburðarstjórn hefur ákvörðunarvald á viðburðum.

Viðburðarstaður - Braut, vegur eða annað svæði þar sem viðburður fer fram.

Keppnisstjórn - Sá einstaklingur, hópur eða félag sem heldur hjólreiðakeppni.

Landeigandi - Sá aðili/aðilar sem eiga landsvæðið þar sem viðburður fer fram.

Almennir skilmálar:

Þátttakendur sýna ávallt ýtrustu varúð í samræmi við aðstæður. Keppendum ber að virða keppnisreglur og þær reglur sem keppnisstjórn hefur gefið út þegar keppni er auglýst.

Þátttakendur skulu sýna af sér íþróttamannslega hegðun sem er hjólreiðaíþróttinni til framdráttar og skulu ávallt koma heiðarlega fram við viðburðarstjórn og aðra þátttakendur jafnt í keppni sem og utan keppni.

Hótanir og niðrandi ummæli um aðra þátttakendur eru hvorki leyfð í keppni né utan keppni.

Þátttakendur viðburða sem fara fram á opnum vegum skulu fylgja öllum almennum umferðarlögum.

Ábyrgðarskilmálar:

Ég samþykki að þátttaka í viðburðum er algjörlega á eigin ábyrgð. Ég afsala mér öllum kröfurétti á hendur viðburðarstjórn, landeigendum og öðrum aðilum sem koma að viðburði.

Þátttakendum ber að kynna sér aðstæður vel og taka mið af aðstæðum. Aðstæður til hjólreiða geta breyst fyrirvaralaust og þó að viðburðarstjórn geri sitt besta til að tryggja öryggi á viðburðarstað tekur hún ekki ábyrgð á leyndum eða ófyrirséðum hættum.

Viðburðarstjórn tekur ekki ábyrgð á slysum, andláti eða skemmdum á búnaði sem orðið getur vegna atviks í viðburði eða öðru sem er bein afleiðing af þátttöku í viðburði.

Þátttakendum ber að nota viðeigandi öryggisbúnað, viðburðarstjórn getur sett kröfu um ákveðinn búnað á sínum viðburði og ber þátttakendum að tryggja að sá búnaður uppfylli öryggiskröfur, sé óskemmdur og rétt notaður.

Ég staðfesti að ég hef ekki vitneskju um neina líkamlega eða andlega kvilla sem gætu skapað hættu fyrir mig eða aðra þátttakendur í viðburði.

Heimildir viðburðarstjórnar:

Viðburðarstjórn áskilur sér rétt til að fresta eða aflýsa viðburði til að tryggja öryggi þátttakenda komi upp aðstæður sökum veðurs eða annarra illviðráðanlegra orsaka.

Viðburðarstjórn áskilur sér rétt til að breyta skilmálum sé þörf á því. Viðburðarstjórn sendir uppfærða skilmála á alla þá sem samþykkt hafa eldri skilmála og eru skráðir í viðburð sem framundan er. Séu skilmálir uppfærðir þurfa þátttakendur að samþykkja nýja skilmála til að halda þátttökurétti.

Viðburðarstjórn áskilur sér rétt til að víkja þátttakanda úr viðburði gerist hann brotlegur við einhverja af ofangreindum skilmálum eða telji hún ástand (ölvun, vímu, þreytu eða annað sem hefur áhrif á getu) eða getustig þátttakanda stofna öryggi hans sjálfs eða annarra í hættu.